

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 32/2014

2014/EES/42/28

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1418/2007 frá 29. nóvember 2007 um útflutning á tilteknum tegundum úrgangs til endurnýtingar sem tilgreindar eru í III. viðauka eða III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 til tiltekinna landa, sem falla ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar um eftirlit með flutningi úrgangs yfir landamæri ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 740/2008 frá 29. júlí 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1418/2007 að því er varðar verklagsreglur sem ber að fylgja við útflutning á úrgangi til tiltekinna landa ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 967/2009 frá 15. október 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1418/2007 um útflutning á tilteknum tegundum úrgangs til endurnýtingar til tiltekinna landa utan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 837/2010 frá 23. september 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1418/2007 um útflutning á tilteknum tegundum úrgangs til endurnýtingar til tiltekinna landa utan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 661/2011 frá 8. júlí 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1418/2007 um útflutning á tilteknum tegundum úrgangs til endurnýtingar til tiltekinna landa utan Efnahags- og framfarastofnunarinnar ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 674/2012 frá 23. júlí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1418/2007 um útflutning á tilteknum tegundum úrgangs til endurnýtingar til tiltekinna landa utan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 57/2013 frá 23. janúar 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1418/2007 um útflutning á tilteknum tegundum úrgangs til endurnýtingar til tiltekinna landa utan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) ⁽⁷⁾.
- 8) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 32ca (fallinn brott) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„32cb. **32007 R 1418**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1418/2007 frá 29. nóvember 2007 um útflutning á tilteknum tegundum úrgangs til endurnýtingar sem tilgreindar eru í III. viðauka eða III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 til tiltekinna landa, sem falla ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar um eftirlit með flutningi úrgangs yfir landamæri (Stjttíð. ESB L 316, 4.12.2007, bls. 6), eins og henni var breytt með:

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 316, 4.12.2007, bls. 6.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 201, 30.7.2008, bls. 36.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 271, 16.10.2009, bls. 12.

⁽⁴⁾ Stjttíð. ESB L 250, 24.9.2010, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjttíð. ESB L 181, 9.7.2011, bls. 22.

⁽⁶⁾ Stjttíð. ESB L 196, 24.7.2012, bls. 12.

⁽⁷⁾ Stjttíð. ESB L 21, 24.1.2013, bls. 17.

- **32008 R 0740:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 740/2008 frá 29. júlí 2008 (Stjtið. ESB L 201, 30.7.2008, bls. 36),
- **32009 R 0967:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 967/2009 frá 15. október 2009 (Stjtið. ESB L 271, 16.10.2009, bls. 12),
- **32010 R 0837:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 837/2010 frá 23. september 2010 (Stjtið. ESB L 250, 24.9.2010, bls. 1),
- **32011 R 0661:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 661/2011 frá 8. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 181, 9.7.2011, bls. 22),
- **32012 R 0674:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 674/2012 frá 23. júlí 2012 (Stjtið. ESB L 196, 24.7.2012, bls. 12),
- **32013 R 0057:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 57/2013 frá 23. janúar 2013 (Stjtið. ESB L 21, 24.1.2013, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1418/2007, (EB) nr. 740/2008, (EB) nr. 967/2009, (ESB) nr. 837/2010, (ESB) nr. 661/2011, (ESB) nr. 674/2012 og (ESB) nr. 57/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Yfirlýsing EFTA-ríkjanna

vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2014 frá 14. febrúar 2014, en með henni eru felldar inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1418/2007 og breytingagerðir hennar, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 740/2008, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 967/2009, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 837/2010, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 661/2011, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 674/2012 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 57/2013

„Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1418/2008 og breytingagerðum hennar er fjallað um útflutning á úrgangi til þriðju landa. Reglugerðir þessar eru felldar inn í EES-samninginn með fyrirvara um gildissvið hans.“